

Ragnheiður Blöndahl Sighvatsdóttir

Lögfræðingur hjá Árnason Faktor ehf.



Ég vil bjóða fram krafta mína í stjórn Spretts en ég er félagi í Spretti þar sem dóttir mín sinnir hestamennskunni af kappi og hefur gert m.a. með aðkomu frábæra Reiðskólans Hestalífs. Við fjölskyldan höfum því verið viðloðandi félagið síðastliðin 6 ár eða frá því að hún fór á sitt fyrsta sumarnámskeið. Ég hef mikinn áhuga á félagsstarfi og tel mig geta lagt heilmikið til í stjórn félagsins, sér í lagi með augum hins almenna félagsmanns og aðstandanda barns sem er forfallin hestamanneskja.

Ég er lögfræðingur að mennt og starfa hjá ráðgjafafyrirtæki á sviði hugverkaréttinda. Áður var ég m.a. ritari stjórnar DTE ehf. þegar ég starfaði hjá félaginu og kom mikið að málefnum á borði stjórnar Íslandsbanka í þau 11 ár sem ég starfaði þar, m.a. vegna innri reglusetningar, eftirlits og ágreiningsmála. Því get ég vonandi komið inn í stjórn Spretts með reynslu af stjórnarháttum, innri og ytri stjórnsýslu ásamt því að hafa mikinn áhuga á starfi félagsins.

Eðli málsins samkvæmt hef ég, sem hestamma, mikinn áhuga á að auka aðgengi fyrir börn og ungmenni, sem ekki eiga aðstandendur í hestamennsku, að félaginu og tækifærum til að sinna hestamennsku. Jafnframt að víkka hóp þeirra sem vilja koma að starfi félagsins af áhuga á hestinum og því frábæra starfi sem finnst innan Spretts, en hér "talar" kona af reynslu um að þurfa að treysta mikið á máltekið og framtakið "hringja í vin" til að aðstoða barnið sitt við sinna áhugamálinu. Ég held að við getum gert enn meira til opna aðgengi og auka áhuga og tækifæri til að stunda hestamennsku hér á Höfuðborgarsvæðinu.

Annars hlakka ég til að kynnst starfi Spretts og félögum þess meira, hvort sem það er í gegnum stjórnarsetu eða hestamennsku dóttur minnar.